Matvælastofnun

Vestri ehf - Frystigeymsla
Suðurgötu 12
400 Ísafjörður

Reykjavík, 18. apríl 2018
Tilvísun: 1804722

Efni: Tilkynning um lokun landamærastöðvar á Ísafirði

Vísað er í uppsögn á húsaleigusamningi með bréfi Vestra ehf. frá 26.1.2017.

Matvælstofnun hyggst loka landamærastöðinni á Ísafirði innan skamms. Ástæður lokunarinnar hafa verið ítarlega kynntar hagsmunaaðilum með bréfaskrifum og öðrum samskiptum, sem hér eru rakin í grófum dráttum.

Matvælastofnun skrifaði bréf til Ísafjarðarbæjar og Hafnarstjórnar Ísafjarðarbæjar dagsett 23.3.2017, þar sem raktar voru ástæður þess að stofnunin hryggðist loka landamærastöðinni. Helsta ástæða er að kostnaðarsamt hefur reynst að halda rekstri landamærastöðvarinnar á Ísafirði gangandi. Leigusali hefur sagt upp samningnum á húsnæðinu og afar fáar sendingar hafa borist til Ísafjarðar sem þarfnast eftirlits af hálfu Matvælastofnunar.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar lét bóka á fundi þann 10.4.2017 og senda til Matvælastofnunar samdægurs: „Bæjarráð telur ekki fært að Ísafjarðarbær taki þátt í kostnaði við rekstur landamærastöðvar Matvælastofnunar en lýsir sig reiðubúið að öðru leyti til að aðstoða Matvælastofnun eftir bestu getu við að finna lausn sem hentar."

Viðbrögð komu síðan frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða (Atvest) til Matvælastofnunar þann 18.1.2018 og var lýst yfir áhyggjum Sjávarútvegsklasa Vestfjarða og sveitarfélaga og stofnana sem vinna að atvinnu- og byggðaþróun á Vestfjörðum varðandi hugmynd að lokun landamærastöðvarinnar. Í því sambandi var bent á áform um uppbyggingu fiskeldis við Ísafjarðardjúp.

Matvælastofnun útskýrði í tölvupósti til Atvest þann 25.1.2018 að líklegast það eina sem gæti komið til skoðunar og tengist fiskeldi, væri innflutningur á fóðri eða efna til fóðurgerðar s.s. fiskimjöli. Hvoru tveggja flokkast sem aukaafurðir dýra og þar sem landamærastöðin væri ekki samþykkt til móttöku slíkra afurða þyrfti að gera talsverðar breytingar svo hægt væri að mæla með stöðinni til viðbótarleyfa. Loks var óskað eftir viðbrögðum og hugmyndum Atvest varðandi framtíð starfsemi landamærastöðvarinnar fyrir lok febrúar 2018. Engin svör hafa borist Matvælastofnun vegna þessa máls. Taka skal fram að landamærastöðin hefur eingöngu leyfi til að hafa eftirlit með innflutningi á frosnum pökkuðum fiskafurðum til manneldis frá löndum utan EES.

Í ljósi ofangreinds hyggst Matvælastofnun loka landamærastöðinni á Ísafirði og óska eftir afskráningu landamærastöðvarinnar við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), sem fer með leyfisveitingar landamærastöðva hérlendis. Gert er ráð fyrir að landamærastöðin verði í rekstri og leiga greidd þar til hún er formlega tekin af skrá hjá ESA, en það ferli gæti tekið 2-3 mánuði.

Athugasemdir við fyrirhugaða lokun óskast gerðar fyrir lok þessa mánaðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar

Margrét Bragadóttir

ICELANDIC FOOD AND VETERINARY AUTHORITY